

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefnin séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Dómsmálaráðuneytið er fagraðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

Kirkjugarðaráð.

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í Kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar þeir eru: Ragnildur Benediktsdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en auk þess starfar á vegum ráðsins Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðamaður. Hefur hann séð um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

Á árinu hélt ráðið átta fundi auk þess að fara í skoðunarferð í kirkjugarða í Húnavatns- og



Sleðbrjótskirkja og þjónustuhús



Strandarkirkja

Skagafjarðarprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri ráðsins heimsóttu á árinu 98 kirkjugarða og grafreiti.

Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs – framkvæmdir.

Á árinu 2018 veitti Kirkjugarðaráð styrki úr Kirkjugarðasjóði til 35 verkefna samtals að upphæð tæpar 50 milljónir. Þeir kirkjugarðar sem fengu 500 þúsund eða hærra í styrk voru: *Sleðbrjótur*: Greiða niður skuld vegna endurnýjun girðingar. *Fáskrúðsfjörður*: Bæta aðgengi og hlaða upp framhlið kirkjugarðsins. *Stóri-Núpur*: Greiða niður skuld. *Marteinstunga*: Bæta aðgengi að kirkju og garði. *Strönd Selvogi*: Endurnýja stíga o.fl. *Kirkjugarðar Keflavíkur*: Bæta og endurnýja skjólgróður. *Kirkjugarðar Reykjavíkur*: Uppbygging í Kópavogskirkjugarði. *Hvanneyri í Borgarfirði*: Stækkun garðs og grjóthleðsla. *Reykhólar*: Ljúka framkvæmdum við umgjörð garðsins. *Blönduós*: Ganga frá bílastæði við kirkjugarðinn. *Fell í Sléttuhlíð*: Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins. *Kvíabekkur*: Lagfæra kirkjugarð. *Vellir í Svarfaðardal*: Bæta aðkomu að kirkju og gamla og nýja garðinum. *Saubær Eyjafirði*: Lagfæring innan kirkjugarðs. *Kirkjugarðasamband Íslands*: Áframhaldandi uppfærsla á gagnagrunninum gardur.is; útgáfu Bautasteins riti sambandsins og til að sjá um útreikninga vegna tekjuútdelingu til kirkjugarðanna, en útdelingu byggir á gjaldalíkani er Kirkjugarðasamband Ísland lét vinna.

Auk þessa var á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum kirkjugörðum t.d. í Holti undir Eyjafjöllum, Arnarbæli í Ölfusi, Krýsuvík, Skálmanesmúla, Selárdal og Helgafelli í Aðaldal.



Fáskrúðsfjörður

Lóðarblað fyrir kirkjugarða og kirkjur.

Skilgreina þarf lóðir undir kirkjur og kirkjugarða alls staðar á landinu og gera tilheyrandi stofn- og lóðabréf. Víðast, nema þá helst í þéttbýli hefur ekki verið gengið frá lóðunum á formlegan hátt. Við sölu á ríkisjörðum eru nú afmarkaðar lóðir umhverfis kirkju og garð, ásamt því landi sem kirkjan og garðurinn hugsanlega þarf á næstu árum og áratugum.

Þetta þýðir ekki endilega að það land sem er tekið frá sé girt af, heldur breytist ekki notkun þess fyrr en þörf er á því. Er það gert til þess að tryggja að þegar og ef kirkja og garður þurfa á þessu landi að halda, þá sé þetta land til staðar og eins að ekki sé búið að ráðstafa því undir einhverja aðra notkun. Það hefur sýnt sig að full þörf er á að skilgreina lóðirnar undir kirkjur og kirkjugarða, þar sem það er farið að valda árekstrum í samskiptum ef þessi mál eru ekki frágengin.